

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið  
Skuggasundi 1  
101 Reykjavík  
*Skilað í samráðsgátt stjórnvalda*

Reykjavík 8. júlí 2021

**Efni: Umsögn Félagsráðgjafafélags Íslands við Hvítbók um aðlögun að loftslagsbreytingum – Drög að stefnu.**

Félagsráðgjafafélag Íslands (FÍ) þakkar fyrir tækifæri til að veita umsögn við Hvítbók um aðlögun að loftslagsbreytingum – Drög að stefnu sem unnin er af starfshóp ráðherra og birt til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda. Hvítbókin er vel unnin og gefur gott yfirlit yfir möguleg áhrif loftslagsbreytinga og þá náttúruvá sem þeim fylgja. Aðgerðir miða að því að auka viðnámsþrótt samfélagsins gagnvart áhrifum og afleiðingum loftslagsbreytinga og lögð er áhersla á að þær byggi á bestu vísindapekkingu sem fyrir liggur hverju sinni. Horft er til mismunandi þátta samfélagsins þar sem aðlögunar kann að vera þörf, það er skipulag, vatn og fráveitur, orkumál, samgöngur, atvinnuvegi, þjóðarhag, lýðheilsu og félagslega innviði. Allt eru þetta þættir sem hafa áhrif á lífsgæði fólks og skörun umtalsverð milli þátta, til dæmis snerta þeir allir lýðheilsu og kalla á góða félagslega innviði.

Um leið og hugað er að almennum aðgerðum til að draga úr tjónnæmi þarf að kortleggja viðkvæma hópa og beita sértækum aðgerðum í þeirra þágu. Undirbúningur, viðbúnaður og forvarnir hafa mikið að segja um áhrif og afleiðingar áfalla fyrir einstaklinga og samfélag.<sup>1</sup> Því er mikilvægt að huga að aðgerðum sem auka viðnámsþrótt og tryggja aðkomu allra hlutaðeigandi. Almannaþingarlög fjalla ekki sérstaklega um hlutverk félagsþjónustu sveitarfélaga en hún hefur hins vegar skyldum að gegna hvað varðar dagleg og lögboðin verkefni, líka þegar áföll dynja yfir.<sup>2</sup> Aðkoma félagsþjónustu sveitarfélaga er því mikilvæg þegar kemur að aðgerðum til að auka viðnámsþrótt samfélagsins gagnvart áhrifum og afleiðingum loftslagsbreytinga. Félagsráðgjafar hitta fyrir í daglegum störfum sínum þá sem standa höllum fæti, þeir starfa með heildarsýn að leiðarljósi og hafa mikilvægu hlutverki að gegna til að draga úr tjónnæmi einstaklinga og samfélags.

Félagsráðgjafafélag Íslands tekur undir það sem fram kemur í kafla um lýðheilsu að Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna séu góður grunnur því andleg, líkamleg og

<sup>1</sup> Ragnheiður Hergeirsdóttir og Guðný Björk Eydal. (2021). Viðbrögð félagsþjónustu í kjölfar ólíkra samfélagslegra áfalla. *Timarit félagsráðgjafa*, 1(15), 5-12. Sótt af <https://www.timaritfelagsradgjafa.is>

<sup>2</sup> Eydal, G. B., Ómarsdóttir, I.L., Cuadra, C. B., Dahlberg, R., Hvinden, B., Rapeli, M. og Salonen, T. (2016). Local social services in Nordic countries in times of disaster. Reykjavík: Norræna Ráðherraráðið. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/velferdarvakt09/Local-Services-in-Times-of-Disaster.pdf>

félagsleg heilsa og líðan er afurð af samspili einstaklinga og þeirra nánasta umhverfis og aðstæðna. Í Heimsmarkmiðunum er sérstaklega lögð áhersla á þá íbúa heims sem eru í hvað viðkvæmastri stöðu vegna fátæktar eða undirokunar sökum kyns, fötlunar eða stöðu í minnihlutahópi. Félagsráðgjafar eru í fararbroddi þegar kemur að stuðningi við slíka hópa en líkt og fram kemur í aðgerðaáætlun Heimsmarkmiðanna er leitast við að leiðrétta aðstæður þeirra sem minna mega sín með margþættu innngripi. Mikilvægt er að hafa í huga að Heimsmarkmiðin taka til allra þriggja þátta sjálfbærrar þróunar, sem eru *hagvöxtur, félagsleg þátttaka og umhverfisvernd*.<sup>3</sup> Þannig er góður samhljómur á milli grunnstoða sjálfbærrar þróunar og áhrifaþátta heilbrigðis. Loftslagsbreytingar bitna alla jafna frekar á viðkvæmum hópum og stuðla að auknum ójöfnuði bæði hvað varðar heilsu og efnisleg gæði. Því þarf að rýna markmið og aðgerðir varðandi aðlögun að loftslagsbreytingum með tilliti til þess að hámarka jákvæð áhrif og lágmarka neikvæð áhrif á heilsu og líðan mismunandi hópa. Félagið tekur einnig undir mikilvægi þess að rýna hvaða lædóm megi draga af COVID-19 faraldrinum og viðbrögðum við honum með tilliti til aðgerða vegna aðlögunar í loftslagsmálum auk þess að efla stöðu þekkingar á tengslum loftslagsbreytinga, heilsu og áhrifaþátta heilsu í íslensku samhengi.

Félagsráðgjafafélag Íslands er tilbúið að taka þátt í samstarfi um stefnumótun vegna aðlögunar að loftslagsbreytingum í ljósi sérþekkingar félagsráðgjafa á félagslegri heilsu og tjónnæmi viðkvæmra hópa. Félagið áskilur sér rétt til að koma með frekari athugasemdir á síðari stigum og er félagið tilbúið að fylgja athugasemdum sínum eftir sé þess óskað.

Með vinsemd og virðingu,  
f.h. stjórnar Félagsráðgjafafélags Íslands

Steinunn Bergmann  
formaður

---

<sup>3</sup> Eldey Huld Jónsdóttir. (2019). Heimsmarkmið SP um sjálfbæra þróun 2030 – ráðstefna í Armeníu. *Tímarit félagsráðgjafa* 1(13), 28-34. Sótt af <http://www.timaritfelagsradgjafa.is/issue/view/311>